

Nr. 091 / 14 Grímsnes BA 555***Skipverji slasast við fall í stiga***

Skipaskr.nr. 0089 IMO nr. 5427382
Smíðaður: Flekkefjord Noregi 1963 stál
Stærð: 178,6 brl. 276,8 bt.
Mesta lengd: 36,05 m Skráð lengd: 32,83 m
Breidd: 6,72 m Dýpt: 5,72 m
Vél: Caterpillar 671 kW 1985
Fjöldi skipverja: 5



Grímsnes ©Hilmar Snorrason

Gögn:

Lögregluskýrsla
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 29. apríl 2015 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynti, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 3. júní 2014 var Grímsnes BA 555 á rækjuveiðum djúpt norður af Siglunesi. Veður: Grímsey NA 2-6 m/sek

Skipverji var á leið ofan úr brú þegar hann missti fótanna á stigapalli og féll niður stigann. Í fallinu náði hann taki á stigahandriðinu vinstra megin. Þegar höggið kom á handlegginn fann hann fyrir miklum sársauka frá vinstri öxl niður í fingurgóma og skurður kom í handakrikann.

Trollið var strax tekið og siglt með slasað til Siglufjarðar og komið undir læknishendur.

Við rannsókn kom fram:

- að slasaði sagðist hafa verið að snúa sér á stigapalli og missti fótanna.
- að slasaði sagðist vera 90 kg þungur og 190 sm að hæð. Hann hafi verið í strigaskóm en þar sem hann væri kokkur gæti hafa verið fitusmit undir sólum;
- slasaði taldi sig ekki geta bent á orsök þess að hann féll aðra en fitu undir skóm og/eða hreyfingu skipsins en það var „kaldaskítur og veltingur“.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.